

Hverfisráð Hríseyjar

137. fundur

Fimmtudaginn, 3. september 2020, kl 20:00 var haldinn 137. fundur hverfisráðs í Hlein.

Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker

Dagskrá:

1. Framkvæmdafé 2020

Formaður upplýsir hina nefndarmenn um fundinn með verkefnastjóra umhverfismála og fóstöðumann umhverfis- og sorpmála sem var haldinn 2. september 2020.

2. Innkomið erindi frá skipulagsráði

Innkomið erindi frá skipulagsráði rætt (tölvupóstur, 1. september kl 13:42).

„Skipulagsráð bendir á að forsenda þess að hægt sé að breyta núverandi húsum [í Kríunesi í Hrísey] í samræmi við erindi er að gerð verði breyting á aðalskipulagi svæðisins auk þess sem sækja þyrfti um byggingarleyfi fyrir nauðsynlegum breytingum. Er sviðsstjóra skipulagssviðs falið að ræða við umsækjendur um áframhald málsins og leita umsagnar hverfisráðs Hríseyjar.“

Umsögn hverfisráðs er að skipulagið haldist óbreytt og svæðið áfram skilgreint sem athafnasvæði. Telur hverfisráð heppilegra að frekari uppbygging íbúabyggðar eigi sér stað þar sem nú þegar búið er að skipuleggja lausar lóðir og bendir sömuleiðis á lóðirnar sem eru auglýstar til sölu við Búðartanga og Austurveg.

3. Önnur mál

- a) Hverfisráð ítrekar ósk sína um að bæjarfulltrúar mæti sem áheyrnarfulltrúar á fundi hverfisráðs, líkt og rætt var á aðalfundi hverfisráðs 10. febrúar 2020.
- b) Almenningsalerni í Hrísey: Salernið er ekki opið nema yfir háannatíma. Í ljósi mikillar aðsóknar ferðamanna sumarið 2020 og í ljósi uppbyggingar Hríseyjar sem ferðamannaeyju, væri að mati hverfisráðs æskilegt ef salernið væri opið allt árið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 20:50.

Claudia Werdecker
Ingólfur Sigfússon
Kristinn Frímann Árnason

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker